

31.1.2020

Póst- og fjarskiptastofnun

Suðurlandsbraut 4

108 Reykjavík



**GAGNAVEITA**  
REYKJAVÍKUR

Gagnaveita Reykjavíkur  
Bæjarhálsi 1  
110 Reykjavík  
Kt. 691206 3780  
Sími: 516 7777

[ljosleidarinn.is](http://ljosleidarinn.is)

## **TRÚNAÐARMÁL**

### **EFNI: Samráð um fyrirhugaða úthlutun á 5G tíðniheimildum**

Gagnaveita Reykjavíkur (hér eftir GR) þakkar fyrir þetta tækifæri til að koma að sjónarmiðum sínum varðandi fyrirhugaða úthlutun á 5G tíðniheimildum.

GR hefur áður í innsendum umsögnum komið á framfæri sjónarmiðum fyrirtækisins varðandi framtíðarstefnumótun um innleiðingu 5G kerfa.

[...]¹

Mikið umrót er á fjarskiptamarkaði um þessar mundir. Nægir þar að nefna fréttir að mögulegri sölu á Mílu frá Símanum og undirritun á viljayfirlýsingu milli allra fjarskiptafyrirtækja sem eiga og reka farnet á Íslandi í dag. Við þessar aðstæður þarf PFS að vanda vel til úthlutunar á verðmætum tíðnileyfum þannig að samkeppni á markaðnum sé tryggð áfram.

[...]²

GR tekur undir það sjónarmið PFS að samráðsaðferð sé álitleg aðferð til að búa til hvata fyrir uppbyggingu á 5G netum. Hins vegar vill GR benda á eftirfarandi varðandi samráðsaðferðina sem fyrirhuguð er.

Mikilvægt er, ef samráðsaðferð verður beitt, að PFS hagi útboðinu með þeim hætti að mögulegt sé fyrir nýjan aðila að koma inn á markaðinn á næstu árum. Sérstaklega ef óeðlileg samþjöppun á sér stað. Það er mjög mikilvægt að ráðist verði strax í að losna við truflanavanda á C3600 þannig að nýr aðili geti mögulega séð sér fært að koma inn á markaðinn síðar.

Einnig er mikilvægt að fylgt verði eftir þeim uppbyggingar- og gæðakröfum sem gerðar eru til leyfishafa enda sýnir sagan að verðmætt tíðniband hefur staðið ónotað þar sem

---

¹ Trúnaðarmál

² Trúnaðarmál



uppbyggingarkröfum var ekki fylgt. Þessu má fylgja eftir með millikröfum sem gera PFS mögulegt að grípa til aðgerða og endurúthluta tíðnibandi ef það er ekki nýtt.

GR vill í því ljósi sérstaklega benda á að úthlutunarferlið þarf að vera með skýrar leikreglur varðandi þær sviðsmyndir að:

- kröfur nást ekki nema að hluta, hvort heldur sem er vegna innri ákvarðana eða ytri aðstæðna.
- einungis hluti núverandi netrekenda 4G kerfa taka þátt, og nýr aðili óskar eftir úthlutun.

[...]³

Virðingarfyllst,

---

F.h. Gagnaveitu Reykjavíkur ehf.,  
Jóhann Sveinn Sigurleifsson

---

³ Trúnaðarmál